



YFIRLÝSING FORSETA ÍSLANDS

Þegar ég hef á grundvelli 26. greinar stjórnarskrárinnar vísað lögum til þjóðarinnar hafa þau varðað grundvallaratriði í lýðræðisskipan eða efnahagslegt sjálfstæði Íslendinga.

Nýting höfuðauðlinda þjóðarinnar er á vissan hátt hliðstætt grundvallarmál, bæði skipan fiskveiða og greiðslur vegna afnota.

Með lögum um veiðigjald, sem Alþingi hefur nú afgreitt, er ekki verið að breyta skipan fiskveiða og áfram verður greitt til þjóðarinnar bæði almennt veiðigjald og sérstakt veiðigjald; heildargreiðslur vegna nýtingar auðlindarinnar á næsta ári um 10 milljarðar króna.

Meginefni laganna er að áformuð hækkun kemur ekki til framkvæmda og breytt er hlutföllum milli uppsjávarveiða og botnfiskveiða; greiðslur einstakra fyrirtækja ýmist lækka eða hækka. Forsenda laganna er einnig að þessi gjöld verða endurskoðuð á næsta þingi.

Lögin fela því ekki í sér grundvallarbreytingu á nýtingu auðlindarinnar en kveða á um tímabundnar breytingar á greiðslum til ríkisins, sköttum vegna nýtingar. Að vísa lögum af því tagi í þjóðaratkvæðagreiðslu væri svo afdrifaríkt fordæmi að víðtækar umræður og afar breiður þjóðarvilji þyrfti að vera á bak við slíka nýskipan í meðferð skattlagningar, þjóðaratkvæðagreiðslur um hækkanir eða lækkanir á einstökum tekjuliðum ríkisins.

Ég hef þess vegna ákveðið að staðfesta lögin en árétta um leið hvatningu til stjórnvalda, Alþingis og ríkisstjórnar, um að kappkosta við boðaða endurskoðun að ná varanlegri og víðtækri sátt um skipan fiskveiða og arðgreiðslur til þjóðarinnar enda sýnir fjöldi undirskrifta vegna laganna um veiðigjald að almenningur hefur ríkan vilja og réttlætiskennnd í þessum málum.

Sátt um nýtingu höfuðauðlindar Íslendinga er í senn forsenda farsældar í framtíðinni og siðferðileg skylda okkar allra.

Bessastöðum, 9. júlí 2013